

Miðvikudaginn 24. maí 1978.

Nr. 175/1976. **Bæjarstjórinn í Keflavík f. h.**
Keflavíkurbæjar og
eigendur jarðanna Njarðvíkur I, II og III,
Höskuldarkots I, II og III,
Vatnsness, Þórukots og Bolafótar
 (Sigurður Helgason hrl.)
 gegn
Saltsölunni s/f
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
 og
Saltsalan s/f
 gegn
fjármálaráðherra og utanríkisráðherra
f. h. ríkissjóðs
 (Sigurður Ólason hrl.)
 og til vara bæjarstjóranum í Keflavík
f. h. Keflavíkurbæjar og eigendum
Njarðvíkur I, II og III,
Höskuldarkots I, II og III,
Vatnsness, Þórukots og Bolafótar.

Omerking. Máli visað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjalms-son og Gaukur Jörundsson prófessor.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1976. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. október 1976. Krefst hann þess aðallega, að stefndu, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkissjóðs, verði dæmdir til að greiða sér 1.500.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 2.

október 1970 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til greiðslu sömu fjárhæðar og sömu vaxta auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkissjóðs, krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er þá varðar og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Á dómþingi bæjarþings Keflavíkur 7. júlí 1976 lagði umboðsmaður gagnáfrýjanda fram í dómi skrá um „eigendur að landi innan marka Keflavíkur“. Samkvæmt skránni eru þeir þessir: Keflavíkurbær; Hulda Einarsdóttir, Brekkustíg 2, Ytri-Njarðvík, og Sigrún Einarsdóttir, Tunguvegi 4, Ytri-Njarðvík, eigendur Njarðvíkur I og II, Anna Magnúsdóttir, Reykjanesvegi 156, Ytri-Njarðvík, Friðrik Á. Magnússon, Grundarvegi 2, Ytri-Njarðvík, Ólafur Magnússon, Hólagötu 11, Ytri-Njarðvík, Garðar Magnússon, Höskuldarkoti, Ytri-Njarðvík, og Magnús Magnússon, Kleifarvegi 5, Reykjavík, eigendur Höskuldarkots I og II; Stefán Björnsson, Þórukoti, Ytri-Njarðvík, Þorleifur Björnsson, Norðurstíg 4, Ytri-Njarðvík, Guðrún Ásta Björnsdóttir, Hólagötu 3, Ytri-Njarðvík, og Þórir Björnsson, Þórustíg 2, Ytri-Njarðvík, eigendur Þórukots; Guðrún Þorsteinsdóttir, Brautarhóli, Ytri-Njarðvík, eigandi Bolafótar; Kristín Guðmundsdóttir, Brekkugerði 28, Reykjavík, Sigríður Jónsdóttir, Heiðarvegi 4, Keflavík, Helga Þorsteinsdóttir, Vatnsnesvegi 17, Keflavík, og Ásdís Jónsdóttir, Sólvallagötu 34, Keflavík, eigendur Vatnsness; Sigríður Árnadóttir, Skólavegi 32, Keflavík, eigandi Höskuldarkots III, og Guðmundur Stefánsson, Borgarvegi 2, Ytri-Njarðvík, eigandi Njarðvíkur III.

Fyrir Hæstarétti lýsti umboðsmaður aðaláfrýjenda yfir því, að hann hefði sótt þing í héraði af hendi allra framangreindra landeigenda og stæðu þeir allir að áfrýjun máls-

ins til Hæstaréttar. Ekki hefur verið höfð uppi málsvörn af hendi neins þeirra, byggð á því, að hann hafi ekki verið seljandi lóðar þeirrar, er gagnáfrýjandi keypti, og beri ekki ábyrgð á efndum kaupsamningsins um hana.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur stefndu eru reistar á því, að varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins hafi skuldbundið sig gagnvart honum til að endurgreiða honum fé, er hann þyrfti að inna af hendi til greiðslu á kostnaði við flutning oliuleiðslna þeirra, er reyndust liggja í jörðu á lóð þeirri, er hann keypti af aðaláfrýjendum. Ef ekki verði á það fallist, telur gagnáfrýjandi stefnda eigi að síður ábyrgan gagnvart sér fyrir kostnaði þessum, þar sem varnarlið Bandaríkjanna hafi lagt leiðslurnar í heimildarleysi. Beri stefnda því samkvæmt ákvæðum laga nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, að bæta sér kostnaðinn við flutning leiðslanna.

Kröfugerð á hendur aðaláfrýjendum rökstyður gagnáfrýjandi með því, að það hafi verið vanefnd á kaupsamningi þeirra við sig, að framangreindar oliuleiðslur reyndust liggja í jörðu á hinni seldu lóð. Séu aðaláfrýjendur skaðabótaskýldir gagnvart sér vegna þeirrar vanefndar.

Gagnáfrýjandi höfðaði dómsmál á hendur aðaláfrýjendum og stefnda vegna sama sakarefnis og hér er um fjallað með stefnu 13. september 1971. Í því máli hafði hann uppi kröfugerð á hendur aðaláfrýjendum, Keflavíkurkaupstað og landeigendum Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi, aðallega, en á hendur stefnda ríkissjóði til vara. Undir rekstri málsins breytti hann kröfugerð sinni í það horf, að hann krafðist dóms á hendur aðiljum þessum óskipt. Með dómi Hæstaréttar 11. desember 1973 var málssókn gagnáfrýjanda vísað frá héraðsdómi. Var frávísunin m. a. á því reist, að kröfur gagnáfrýjanda á hendur ríkissjóði annars vegar og landeigendum hins vegar væru ekki þannig vaxnar, að sækja mætti þær í einu og sama máli. Málatilbúnaður gagnáfrýjanda í þessu máli er haldinn sömu annmörkum og nú var greint um hina fyrri málssókn. Verður því ekki hjá því kom-

ist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu enn frá héraðsdómi með skirskotun til 47. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Pórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í dómsmáli þessu krefst gagnáfrýjandi aðallega greiðslu úr ríkissjóði, en til vara frá aðaláfrýjendum, og er þetta annar málatilbúnaður en var í hæstaréttarmáli nr. 103/1972, þar sem greiðslu var krafist in solidum. Ég tel, að 47. gr. laga nr. 85/1936 standi því ekki í vegi, að haga megi kröfugerð eins og gert er af hálfu gagnáfrýjanda. Þar sem meiri hluti Hæstaréttar hefur komist að þeirri niðurstöðu, að málinu í heild skuli vísað frá héraðsdómi, er ekki rétt, að ég fjalli frekar um það í sératkvæði.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 20. ágúst 1976.

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 20. mars 1974 og dómtekið 4. ágúst sl., hefur Saltsalan s/f, Garðastræti 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Keflavíkur með stefnu, útgefinni 20. mars 1974, aðallega á hendur fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.500.000 með 7% ársvöxtum frá 2. október 1970 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Undir rekstri málsins breytti stefnandi vaxtakröfu sinni með samþykki lögmannna stefndu á þá leið, að vextir skyldu reiknast 7% ársvextir af kr. 1.500.000 frá 2. október 1970 til 16. maí 1973,

9% ársvextir frá þeim degi til 1. ágúst 1974, en 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara er bæjarstjóranum í Keflavík f. h. Keflavíkurkaupstaðar og eigendum Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, en það eru eigendur jarðanna Njarðvíkur I, II og III, Höskuldarkots I, II og III, Vatnsness, Þórukots og Bolafótar, stefnt til greiðslu in solidum á dómkröfu stefnanda.

Aðalstefndu kröfðust aðallega frávísunar vegna aðildarskorts, en til vara sýknu, svo og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins. Við rekstur málsins féll lögmaður aðalstefndu frá kröfu sinni um frávísun, og stendur því eftir sýknu-krafa þeirra ásamt málskostnaðarkröfu.

Varastefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Leitað hefur verið sátta, án árangurs, með mál aðiljum.

Mál þetta var áður höfðað með stefnu, útgefinni 13. september, og gekk dómur í því í bæjarþingi Keflavíkur 19. maí 1972. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og gekk dómur hans í málinu 11. desember 1973. Var þá hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

II.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1968 leitaði stefnandi eftir kaupum á lóð til byggingar saltgeymsluhúss við höfnina í Keflavík. Eigendur lóðar þeirrar, er stefnandi hafði hug á, voru á þeim tíma varastefndi Keflavíkurkaupstaður, sem átti 13.46% lóðarinnar í óskiptri sameign með varastefndu landeigendum Ytra-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, sem áttu 85.54%. Umsókn stefnanda um lóðar kaupin leiddi svo til þess, að varastefndu Keflavíkurkaupstaður og landeigendur Ytra-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi samþykktu með bréfum, dagsettum 13. nóvember og 22. september 1968, sölu á lóðinni, og var afsal undirritað 14. nóvember 1968. Í afsali voru takmörk lóðarinnar ákvörðuð þannig: „Að norðan af Víkurbraut, að austan af óskiptu landi Landeiganda, er nær í sjó fram, að sunnan af óskiptu sameignarlandi sömu aðila og að vestan af ónefndri götu sjávarmegin við Hafnar götu. Stærð hinnar seldu lóðar er 2400 ferm., ca. 60 metrar í suður og 40 metrar á breidd.“ Tekið var fram í afsali, að lóðin væri seld „til að byggja á henni saltgeymsluhús o. fl.“ við höfnina.

Sumarið 1970 hóf stefnandi byggingu saltgeymsluhúss á lóðinni. Skömmu eftir að byggingarframkvæmdir hófust, komu í ljós tvær

bensínleiðslur varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sem lágu um lóðina. Í leiðslum þessum var bensín, og neyddist stefnandi til að stöðva framkvæmdir, enda krafðist varnarliðið þess vegna bruna- og sprengihættu. Stefnandi sneri sér til fulltrúa varnarmáladeildar og varnarliðsins og setti fram þær kröfur, að varnarliðið flytti leiðslurnar af lóðinni án tafar, sér að kostnaðarlausu. Af þessum ástæðum var haldinn fundur með yfirmönnum varnarliðsins og fulltrúa varnarmáladeildar og farið fram á, að varnarliðið kostaði flutning á leiðslunum. Bentu þá yfirmenn varnarliðsins á það, að íslenska ríkinu bæri að leggja til land undir leiðslurnar, varnarliðinu að kostnaðarlausu, og vísuðu til 2. gr. laga nr. 110/1951, er þá giltu, máli sínu til stuðnings. Töldu þeir enn fremur, að leiðslur þessar hefðu í upphafi verið lagðar í fullu samráði við varnarmáladeild eða ríkisstjórnina og með samþykki landeigenda. Á hinn bóginn kváðust þeir þó ekkert hafa á móti því, að leiðslurnar yrðu fluttar, og buðust til þess að leggja fram nýjar leiðslur án endurgjalds, en neituðu að greiða kostnað við flutninginn.

Af hálfu stefnanda var ritað bréf til varnarmáladeildar þann 28. júlí 1970 og kvartað undan þeim drætti, sem orðið hefði á flutningi leiðslanna, og var varnarmáladeild f. h. varnarliðsins þá jafnframt gerð ábyrg fyrir öllum skaða, sem af drætti þessum kynni að leiða. Þessar umkvartanir voru síðan ítrekaðar í bréfi, dags. 17. ágúst 1970.

Með bréfi, dagsettu 19. ágúst 1970, var varastefndu, landeigendum Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi og Keflavíkurbæjar, tilkynnt, að þeim yrði haldið ábyrgum fyrir því tjóni, sem stefnandi hafði beðið eða kynni að bíða vegna máls þessa, enda hefði lóðin verið seld honum kvaðalaus. Með bréfi, dagsettu 7. september 1970, mótmæltu varastefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi ábyrgð á lagningu eða legu leiðslanna, þar sem engum landeigenda hefði verið kunnugt um tilvist þeirra í landinu. Stefnandi greiddi Olíufélaginu h/f kr. 750.000 þann 2. október 1970 fyrir að flytja olíuleiðslurnar af lóð Saltsölunnar, enda hafði varnarliðið krafist þess, að Olíufélagið h/f sæi um flutnings þeirra vegna kunnáttu starfsmanna þess á meðferð eldfimra efna. Hafði Olíufélagið h/f sett upp þessa ákveðnu upphæð fyrir að flytja leiðslurnar.

Lögð hefur verið fram yfirlýsing Valdimars Björnssonar f. h. varastefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, dagsett 5. apríl 1957, svohljóðandi: „Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, fyrir hönd eigenda Ytri-Njarðvíkur, að varnarliðinu á

Keflavíkurflugvelli heimilast, án endurgjalds, að halda áfram að nota tvær olíuleiðslur sínar 8“, er liggja yfir landspilduna í horni því, er Reykjavíkurvegur og gamli flugvallarvegurinn mynda.

Landeigendur áskilja sér rétt til þess að segja leyfi þessu upp með 6 mánaða fyrirvara, ef þörf verður vegna skipulagsins, að dómi skipulagsstjóra, að taka nefndar olíuleiðslur í burtu.“

Einnig hefur verið lagt fram dómsskjal nr. 42, bls. 72, teikning frá „Teiknistofu skipulagsins“, en inn á hana er teiknuð breyting á olíuleiðslum þeim, sem liggja ofan Hafnargötu í Keflavík, og hafa varastefndu landeigendur Ytri-Njarðvíkur áritað á þá teikningu samþykki sitt. Þá hefur enn fremur verið lögð fram yfirlýsing á dskj. nr. 19, undirritað af Valdimar Björnssyni, svohljóðandi: „Ég undirritaður hefi kynnt mér uppdrátt að breytingu á olíuleiðslum, er liggja meðfram og yfir Hafnargötu í Keflavík. Fyrir hönd landeigenda er ég samþykkur þessari breytingu.“

Þá hefur og verið lagt fram bréf varastefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi á dskj. nr. 21 til varnarmáladeildar, dags. 6. nóvember 1962, svohljóðandi: „Með bréfi, dagsettu 5. apríl 1957, leyfðu landeigendur í Ytri-Njarðvíkum varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli endurgjaldslaust að halda áfram að nota tvær olíuleiðslur sínar, 8“, er liggja yfir landspilduna í horni því, er Keflavíkurvegur og gamli flugvallarvegurinn mynda.

Með hliðsjón af því, að nú hafa verið ákveðnar byggingaframkvæmdir, og þegar hefur verið úthlutað lóðum á ofangreindu svæði, þá leyfum vér oss að tilkynna yður, að nefndum afnotum af landspildunni er hér með sagt upp með 6 mánaða fyrirvara frá deginum í dag að telja.“

Bréf þetta er áritað af byggingarfulltrúa Keflavíkurkaupstaðar og áritað um móttöku af fulltrúa varnarmáladeildar.

Lögð hafa verið fram í máli þessu gögn, dskj. nr. 15—18, er sýna, að stjórn landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum hefur verið kunnugt um, að olíu- og bensínleiðslur lægju niður að Keflavíkurhöfn ofan af Keflavíkurflugvelli, en ekki þykir ástæða að rekja hér nákvæmlega samskipti landshafnarstjórnar, samgöngumálaráðuneytis og varnarmáladeildar, er koma fram í dómsskjölum þessum.

III.

Fyrir dóm hefur komið af hálfu varastefndu landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi Valdimar Björnsson fulltrúi, Grundarvegi 11, Ytri-Njarðvík. Staðfesti hann þar bréf, dags. 4.

febrúar 1972, til lögmanns síns, dskj. nr. 22, þar sem eftirfarandi kemur fram, „þegar fyrsta skipulag Keflavíkurkaupstaðar var samþykkt var litið svo á, að landeigendur væru samþykkir því, og þegar farið var að vinna eftir því, leggja götur, skólpleiðslur, vatnsleiðslur, olíuleiðslur og rafmagnskapla í götur og meðfram þeim í gangstéttir, þá höfðu landeigendur engin afskipti af þessum framkvæmdum, þeir treystu hreppsnefnd, byggingarnefnd ásamt byggingarfulltrúa fyrir því, að það væri allt gert til frambúðar.

Þegar ríkisstjórnin var búin að ákveða að taka flugvallarlandið eignarnámi, þá lá svo mikið á að hefja framkvæmdir, að hún varð að leyfa hersetu þá þegar, og minnti mig, að þetta hefði verið skömmu eftir 1940, og þegar herseta var leyfð á landi Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi bæði í Njarðvíkum og Keflavík á nefndu landi, var línan dregin niður að þjóðvegi, nú Reykjanesbraut, og á kafla meðfram Hafnargötu og niður fyrir Hringbraut í Keflavík ... Því næst var byrjað á hernámsframkvæmdum á þessu landi, byggja íbúðarbragga, allskonar skemmur og skúra, leggja allskonar leiðslur, bæði ofanjarðar og neðan. Reisa bæði olíu- og bensíntanka á við og dreif um landið, bæði ofanjarðar og neðanjarðar. Þessar olíuleiðslur og bensínleiðslur, sem málið rís útaf, hafa sennilega verið lagðar á árunum 1942 til 1943, fyrir neðan Hafnargötu, niður á Hafnarbakka neðanjarðar, og það var fyrir utan það land, sem fyrst var ákveðið sem flugvallarland, en fyrir ofan Hafnargötu og upp í samband við nefnda tanka voru leiðslurnar lagðar ofanjarðar, enda á því svæði, sem þá var hernumið.

Á þessum árum, sem herinn var með þessar framkvæmdir, bæði á svonefndu flugvallarlandi og eins fyrir utan það, þá var raðað vopnuðum hermönnum til varnar því, að enginn óviðkomandi kæmi þar nálægt, en landeigendur töldu það víst, að allt það, sem var framkvæmt fyrir utan það land, sem var fyrirhugað flugvallarland, væri gert í samráði við skipulag, annaðhvort ríkisskipulag eða Keflavíkurkaupstað, svo það fór algjörlega framhjá landeigendum með leyfi fyrir lagningu á þessum umdeildu leiðslum. Ef landeigendur hefðu gefið leyfi fyrir legu á þessum leiðslum, þá hefðu þeir aldrei gefið leyfi nema á þeim stað, sem þær máttu liggja til frambúðar. Ef landeigendur hefðu haft hugmynd um, að leiðslurnar lægju á þessum stað, sem þær reyndust liggja, þá hefðu þeir aldrei selt Saltsölunni s.f. lóðina, nema vera búnir að láta flytja þær á réttan stað. Og ef Bæjarstjórn eða byggingarnefnd og byggingarfulltrúi Keflavíkur hefðu haft hugmynd um, að leiðsl-

urnar lægju á þessum stað, þá hefðu þeir látið landeigendur vita um það, þar sem allur undirbúningur á sölu lóðarinnar fór í gegnum þá.“

Aðspurður kvaðst hann hafa séð, að leiðslurnar voru lagðar ofanjarðar fyrir ofan Hafnargötuna, en kvaðst hafa talið, að þær væru lagðar þannig fyrir neðan götuna, að þær væru ekki fyrir skipulaginu. Kvað hann sig minna, að tvær leiðslur hefðu verið ofanjarðar fyrir ofan Hafnargötu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa vitað, að leiðslurnar lágu um lóð Saltsölunnar. Það kvaðst telja, að það hefði verið búið að skipuleggja svæði það, sem leiðslurnar lágu um, löngu áður en þær voru lagðar. Það kvað Keflavíkurkaupstað ekki hafa orðið meðeiganda að því landi, sem leiðslurnar liggja um, fyrr en á árinu 1965. Sagði það, að í bréfi landeigenda á dskj. nr. 22 hafi verið átt við oliuueiðslur, sem lágu ofanjarðar, fyrir ofan Hafnargötuna, og kvaðst það aðspurt ekki vita, hvort um sömu leiðslur væri að ræða og lágu í gegnum lóð Saltsölunnar s/f. Kvað það þær leiðslur hafa legið yfir byggingarlóðir, og þess vegna hafi þær verið færðar og hafi það veitt samþykki sitt til þess á dskj. nr. 42, bls. 72. Lýsti það því yfir, að það teldi, að herinn hefði lagt leiðslur þessar án þess að fá leyfi landeigenda til þess. Sagði það, að þegar landeigendur hefðu komist að tilvist leiðslanna, hefðu þeir talið, að þær væru á þeim stað, þar sem þær mættu vera á til frambúðar. Aðspurt sagði vitnið, að landeigendur hefðu ekki skipt sér af því, hvort verið væri að breyta leiðslum eða leggja nýjar. Það sagði aðspurt, að því hefði ekki verið kunnugt um, að landshöfnin hefði óskað eftir því árið 1953, sbr. dskj. nr. 15, að olíu- og bensínleiðslum varnarliðsins yrði breytt við höfnina í Keflavík.

Vitnið Knútur Höiriis, stöðvarstjóri Oliufélagsins h/f á Keflavíkurflugvelli, sagði, að því væri kunnugt um, hvaða olíuleiðslur væri um að ræða í máli þessu, og kvað þær hafa verið lagðar á árunum 1949 og 1950 af Metcalf Hamilton, en það væru verktakar, sem voru hér á vegum varnarliðsins. Vitnið sagði, að tvær breytingar hefðu verið gerðar síðan á leiðslunum, þ. e. a. s. niður við höfn og fyrir ofan Hafnargötu. Vitnið sagði, að breytingin niður við höfn hefði verið framkvæmd af Keflavíkurverktökum, sem unnu á vegum varnarliðsins, en kvaðst ekki muna, hver framkvæmdi breytinguna fyrir ofan Hafnargötu, en vitnið minnti, að Íslenskir Aðalverktakar hefðu framkvæmt það verk á vegum varnarliðsins. Vitnið kvað breytinguna við höfnina hafa verið gerða vegna vegarlagningar. Vitnið sagði aðspurt, að því væri

ókunnugt um, hvort leitað hefði verið leyfis hjá landeigendum til lagningar leiðslanna, hvort heldur í upphafi eða við breytingarnar. Aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess, hvort leiðslurnar tvær, sem voru fyrir hendi, þegar Metcalf Hamilton lagði leiðslur árið 1949—1950, hafi verið færðar úr lóð Saltsölunnar.

Vitnið Ólafur Arinbjörnsson Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Olíusamlagsins í Keflavík, kvað olíusamlagið hafa byggt hús á sjávarbakkannum við höfnina árið 1952 og hafi þá engar olíuleiðslur verið framkvæmdum til fyrirstöðu. Það kvaðst ekki vita, hvort búið hafi verið að leggja olíuleiðslurnar þá. Vitnið sagði, að síðar, er unnið var við byggingu húss að Víkurbraut 11, hafi byggingaraðiljar komið niður á olíuleiðslu, en hún reyndist ekki vera í notkun. Kvaðst vitnið aðspurt ekki muna, hvenær herinn lagði olíuleiðslurnar.

Vitnið Ragnar Ágúst Björnsson hafnarstjóri kvaðst hafa hafið störf við höfnina í Keflavík árið 1950. Kvaðst vitnið hvorki vita, hve margar leiðslur lágu þá niður á hafnarbakkann né heldur nákvæma legu þeirra. Vitnið kvaðst engu að síður hafa vitað af endurnýjun leiðslanna, sem unnið var af Vélsmiðju Björns Magnússonar fyrir varnarliðið. Vitnið sagði, að endurbætur á leiðslunum hafi verið gerðar vegna tæringar á þeim. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að til væru bókanir í fundargerðarbókum landshafnarinnar varðandi olíuleiðslur við höfnina frekar en fram kemur í dómsskjölum. Vitnið sagði, að varnarliðið hefði ekki greitt neitt fyrir að fá að hafa leiðslurnar í landi hafnarinnar. Vitnið minnst þess ekki, að landshöfnin hafi formlega samþykkt lagningu olíuleiðslanna, en hún hafi ekki heldur mótmælt þeim.

Vitnið Jón Gunnar Tómasson, verkfræðingur hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, kvaðst hafa hafið störf hjá varnarliðinu árið 1954 og sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að þá hefðu fjórar 8 tommu leiðslur legið frá eldsneytisgeymum á flugvellinum og niður að höfn. Vitnið sagði, að ein leiðsla hefði verið tekin úr notkun fljótlega eftir að vitnið hóf störf hjá varnarliðinu. Vitninu var sýnt dskj. nr. 42, bls. 65, sem er uppdráttur varnarliðsins af legu olíuleiðslna frá flugvellinum niður að höfn. Vitnið sagði, að á teikningunni væru leiðslur þær, er þurfti að færa af lóð Saltsölunnar, merktar með dökkum, sverum línunum, en vitnið taldi, að gömlu leiðslurnar, sem lagðar voru á stríðsárunum, væru merktar með daufri punktalínu. Vitnið taldi samkvæmt teikningunni, að verkið hefði verið framkvæmt á árunum 1949 til 1951 af verktakafyrirtækinu Metcalf Hamilton. Kvaðst það ekki hafa séð nein

gögn, sem bentu til þess, að leyfi hefði verið veitt til að leggja oliuleiðslurnar á þessum stað. Vitnið tók þó fram, að allar breytingar á oliuleiðslum, sem fram hefðu farið, eftir að vitnið hóf störf hjá varnarliðinu, hefðu verið gerðar í samráði við bæjartjóra Keflavíkur og byggingarfulltrúa hans.

Vitnið Björn Magnússon vélsmiður kvaðst hafa rekið fyrirtækið Vélsmiðju Björns Magnússonar og hafi það á árunum 1962—1963, að því er vitnið minnir, endurnýjað oliuleiðslur, sem liggja frá Keflavíkurflugvelli og niður að höfn. Vitnið sagði, að endurnýjaðar hefðu verið leiðslur frá lóð Hafnargötu 90 niður að hafskipabryggju og hafi leiðslurnar að mestu leyti verið lagðar á sama stað og þær eldri, en þó hafi, að því er vitnið minnti, mestu krókarnir verið teknir af leiðslunum. Vitnið sagði, að verkið hefði það unnið sem undirverktaki Járn og pípulagningarverktaka á Keflavíkurflugvelli og hefði maður frá varnarliðinu haft eftirlit með því og hefðu teikningar þær, sem notaðar voru, verið frá verkfræðideild hersins. Vitnið kvaðst aðspurt, hvort byggingarfulltrúi Keflavíkurkaupstaðar hefði haft afskipti af verkinu, þegar það var framkvæmt, ekki minnst þess, að aðrir en eftirlitsmaður hersins hefðu komið þar nærri, nema þá hafnarverðir, þegar að höfninni kom.

Vitnið Ingvar Aðalsteinn Jóhannsson framkvæmdastjóri kvað Keflavíkurverktaka, sem það er framkvæmdastjóri fyrir, hafa gert samninga við varnarliðið um endurnýjun á oliuleiðslum frá Keflavíkurflugvelli niður á höfn. Vitnið kvað samninga um þetta vera fyrir hendi. Vitnið sagði aðspurt, að það teldi, að haft hefði verið samráð við byggingarfulltrúa Keflavíkur og varnarmáladeild vegna þessara breytinga.

Vitnið Vilhjálmur Grímsson, bæjartæknifræðingur í Keflavík, sagði, að fyrsta skipulag, sem gert hefði verið að umræddu svæði, væri frá nóvember 1968, og er það á dskj. nr. 42, bls. 73. Vitnið kveður verkfræðinga varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hafa fært inn á skipulagsuppdráttinn légu leiðslanna á umræddu svæði, og er sú innfærsla dagsett 4. ágúst 1970. Hafi varnarliðið óskað eftir því að fá skipulagsuppdrátt af svæðinu, eftir að deilumál vegna Saltsölunnar s/f kom upp.

Vitnið sagði, að á árinu 1962 hefði Víkurbraut í Keflavík verið malbikuð, og kvaðst það álíta, að leiðsla, sem merkt er með brotinni, grænni línu á dskj. nr. 42, bls. 73, hafi þá verið færð í þá stöðu, sem sýnd er á uppdrættinum. Sagði vitnið, að af þessari ástæðu hafi það álitid, að ef aðrar leiðslur væru enn á svæðinu,

væru þær ekki lengur í notkun og því ekki byggingarframkvæmdum þar til fyrirstöðu.

Vitnið skýrði teikningar þær, sem lagðar hafa verið fram á dskj. nr. 42. Sagði það, að teikning á bls. 65 sýndi legu leiðslna frá Keflavíkurflugvelli niður að Keflavíkurhöfn og væri sú teikning dagsett 21. nóvember 1949. Kemur þar fram, að tvær 8 tommu leiðslur liggja um svæðið, er teikning þessi er gerð, merktar „existing pipelines“. Á teikninguna eru færðar inn breytingar og frávik frá fyrirhugaðri framkvæmt, en ekki verður séð, að það snerti þetta mál. Teikning á bls. 72 í dskj. nr. 42 sýnir breytingu á oliuleiðslum á svæði nálægt gatnamótum Reykjavíkurveggar og Flugvallarveggar og hafi sú breyting verið gerð vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda á því svæði. Á dskj. nr. 42, bls. 90, er ódagsett teikning, sem sýnir færslu á leiðslum út úr götustæði Víkurbrautar, en hún var malbikuð á árinu 1962. Vitnið kvaðst álíta, að varnarliðið hefði kostað þær breytingar. Á bls. 91 í dskj. nr. 42 er teikning, þar sem fram kemur færsla á leiðslum úr lóð Saltsölunnar s/f að gatnamótum Víkurbrautar og Hafnargötu, og kemur þar fram, að framkvæmdir þessar hafi átt sér stað fyrir 5. mars 1962.

Vitnið sagði, að teikningar á bls. 92 og 106 í dskj. nr. 42 væru að þess mati máli þessu óviðkomandi.

IV.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur aðalstefndu á því, að varnarlið Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli hafi á sínum tíma lagt í jörðu oliuleiðslur þær, sem um er í máli þessu fjallað, án þess að hafa haft til þess heimild frá fyrri eigendum hins selda lands og án vitneskju þeirra. Beri því ríkissjóði með tilvísun til 2. gr. varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, sem öðlaðist lagagildi með lögum nr. 110 frá 1951 og gildi, þá er lögskipti þessi áttu sér stað, að svara bótum vegna tjóns, er stefnandi varð fyrir. Þá telur stefnandi enn fremur, að fyrirsvarsmenn varnarliðsins hafi viðurkennt greiðsluskyldu þess með því að leggja til án endurgjalds nýjar leiðslur, auk þess sem stefnandi heldur því fram, að þessir aðilar hafi boðist til að kosta flutning á leiðslunum, þá er fjárveiting fengist frá Bandaríkjunum. Stefnandi telur það engu máli skipta, hvort umræddar leiðslur hafi verið lagðar fyrir eða eftir gildistöku laga nr. 110 frá 1951, þar sem líta verði svo á, að lögin taki til alls tjóns, sem íslenskir aðilar hafi orðið

fyrir af völdum varnarliðsins, hvort heldur tjónið hafi orðið fyrir eða eftir setningu laganna.

Á hendur varnastefndu byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að þeir hafi selt stefnanda umrædda lóð án allra kvaða. Í afsalsbréfinu sé beinum orðum tekið fram, að lóðin sé seld til þess að byggja á henni saltgeymsluhús, og verði aðalstefndu sýknaðir, telur stefnandi, að varastefndu hafi vanefnt kaupsamning um lóðina, sem afsalað var 14. nóvember 1968. Hafi olíuleiðslurnar í lóðinni hindrað það, að stefnandi hafi getað hagnýtt sér hana á eðlilegan hátt, og hafi hann orðið fyrir tjóni við að bæta úr þessari vanefnd. Kröfu sína á hendur varastefndu byggir stefnandi því á 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39 frá 1922.

Stefnufjárhæðina rökstyður stefnandi þannig, að annars vegar séu kr. 750.000 vegna flutninga á leiðslunum. Hafi hann ekki átt annarra kosta vól en að ganga að skilmálum, sem varnarliðið setti um, að Olíufélagið h/f annaðist flutning þeirra. Stefnandi fékk heldur engu ráðið um það, hvert leiðslurnar yrðu fluttar, þar sem skipulagsnefnd Keflavíkur tók þá ákvörðun.

Hins vegar sé um kröfu að ræða til greiðslu á kr. 750.000 vegna óbeins tjóns, sem stefnandi varð fyrir við það að þurfa að greiða flutning leiðslunnar, en að öðrum kosti hefði þeirri fjárhæð verið varið til húsbýggingarinnar á lóðinni, en ekki hefur tekist að ljúka byggingu hússins enn, m. a. vegna þessara óvæntu útgjalda. Bygginarkostnaður hafi aukist til muna á s. l. 6 árum og hafi fé það, sem varið var til flutnings margnefndra leiðslna, því ekki nýst sem skyldi.

Aðalstefndu í máli þessu, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkissjóðs, byggja sýknukröfu á aðildarskorti í máli þessu. Rökstyðja aðalstefndu sýknukröfu sína m. a. með því, að fyrri eigendur umræddrar lóðar hafi vitað um, að olíuleiðslur lægju um land þeirra, þó ekki liggi fyrir í málinu, að þeir hafi vitað um nákvæma legu þeirra. Hafi þeir því mátt vita, þá er þeir seldu stefnanda umrædda lóð, að hún fullnægði ekki skilyrðum þeim, sem í afsali greinir.

Varastefndu í máli þessu hafa krafist sýknu á þeirri forsendu, að þeim hafi verið ókunnugt um þá galla, er síðar komu fram á umræddri lóð. Benda þeir á, að leiðslurnar hafi upphaflega verið lagðar með mikilli leynd á hernaðartímum, enda bera uppdrættir, sem sýna staðsetningu leiðslunnar, það með sér, að um trúnaðarmál hafi verið að ræða. Telja þeir það í ósamræmi við meginreglu laga, ef einhver annar en eigandi og notandi leiðslunnar eigi að

bæta tjón það, sem þær valda. Telja þeir, að varnarliðið á Keflavíkurlugvelli beri fjárhagslega ábyrgð á tjóni stefnanda, þar sem það hafi með framkvæmdum sínum á lóðinni orðið þess valdandi, að stefnandi gat ekki hagnýtt sér lóð sína nema með áður-nefndum kostnaði. Hafi varnarliðið að auki í hliðstæðum tilvikum annast flutning olíuleiðslna sinna, þar sem þess hefur verið þörf, á eigin kostnað.

Þá hafa varastefndu enn fremur, ef svo færi, að þeir yrðu dæmdir bótaskyldir, mótmælt stefnufjárhæð sem of hárrí og örökstuddri.

Áskilja varastefndu sér allan rétt til endurkröfu á hendur ríkissjóði, ef sýknukrafa þeirra verður ekki tekin til greina.

V.

Rétturinn lítur svo á, að fébótakrafa stefnanda í máli þessu geti einungis byggst á kröfu vegna galla í fasteignakaupum, og verður við úrlausn máls þessa stuðst við lögjöfnun frá ákvæðum 2. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922.

Skaðabótakrafa, sem styðst við áður-nefnda lögjöfnun, getur aðeins beinst að seljanda hinnar gölluðu eignar. Samkvæmt þessu ber því að fallast á sýknukröfu aðalstefndu vegna aðildarskorts. Hins vegar þykir rétt eftir atvikum, að málskostnaður falli niður varðandi lögskipti þeirra málsaðilja.

Varðandi málatilbúnað stefnanda á hendur varastefndu annarra en Keflavíkurkaupstaðar er þetta að athuga:

Stefnandi nafngreinir ekki í stefnu landeigendur þá, er hann beinir kröfum sínum gegn, svo sem tilskilið er í 88. gr. laga nr. 85/1936. Í stefnu eru hins vegar taldar upp þær jarðir, hverra eigenda kröfum er beint að, og er Friðriki Á. Magnússyni, Óskari Kristjánssyni og Stefáni Björnssyni stefnt fyrir hönd þeirra allra samkvæmt umboði, sem lögmaður varastefndu, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, veitti þeim f. h. annarra landeigenda til þess að vera í fyrirsvari fyrir skaðabótakröfum, sem beint er að þeim í máli þessu. Er því sýnt, að stefnandi hafi ekki bætt nema að litlu leyti úr þeim annmörkum, er fjallað er um í niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 11. desember 1973. Hins vegar hefur stefnandi lagt fram skrá á dskj. nr. 45 yfir eigendur þeirra jarða, sem upp eru taldar í stefnu, og verður því að telja yfirlýsingu lögmanns varastefndu um, að þeir hafi allir fengið vitneskju um málssókn þessa og veitt áður-nefndum þremur mönnum umboð til

að vera í fyrirsvari fyrir sig í máli þessu, nægjanlega, enda hefur henni ekki verið mótmælt. Samkvæmt framansögðu ber að telja stefnu fullnægjandi, hvað varðar útgáfu og birtingu, þrátt fyrir þá augljósu annmarka, er hér hafa verið nefndir.

Varastefndu seldu stefnanda hina umræddu lóð „til að byggja á henni saltgeymsluhús o. fl.“ án þess að geta um hugsanlega tilvist olíuleiðslna í lóðinni. Við úrlausn mála um galla í fasteignakaupum hefur sú dómvenja myndast, að þar sem beitt er lögjöfnun frá 2. mgr. 42. gr. kaupalaga, sé tekið tillit til vitneskju, sem seljandi býr yfir um hugsanlega galla, þá er kaup gerast. Eftir gögnum málsins verður ekki fullyrt, að varastefndu hafi vitað um nákvæma legu leiðslunnar, en hins vegar verður að telja með tilvísan til málsgagna, að varastefndu mátti vera ljóst, að leiðslurnar lægju um lóð þá, er þeir seldu stefnanda, og hefði þeim því borið að vekja athygli kaupanda á þessum hugsanlega galla. Samkvæmt þessu ber því að telja varastefndu skaðabótaskylda vegna tjóns þess, er af þessu leiddi fyrir stefnanda.

Niðurstaðan verður því sú, að Keflavíkurkaupstaður annars vegar og Friðrik Á. Magnússon, Óskar Kristjánsson og Stefán Björnsson f. h. eigenda jarðanna Njarðvíkur I, II og III, Höskuldarkots I, II og III, Þórukots, Bolafótar og Vatnsness hins vegar beri að greiða stefnanda, Saltsöltuninni s/f, in solidum það tjón, sem hann hefur á sannanlegan hátt orðið fyrir vegna margnefnds galla.

Fallist verður á, að framangreindum aðiljum beri að gjalda stefnanda kr. 750.000 vegna tilfærslu á umræddum leiðslum. Hins vegar er krafa stefnanda um bætur fyrir óbeint tjón, að upphæð kr. 750.000, ekki studd öðrum gögnum en þeim, að bent er á, „að byggingarkostnaður hefur margfaldast á tímabilinu“. Ekki verður séð, að varastefndu eigi einir sök á þeim drætti, sem orðið hefur á rekstri máls þessa og leitt hefur til þessa óbeina fjárhagstjóns stefnanda, og verður því krafa þessi ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að stefnanda verði greiddir vextir af tildæmdri upphæð, 7% ársvextir frá 2. október 1970 til 16. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 1. ágúst 1974, en 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt niðurstöðu máls þessa ber að dæma varastefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn með hliðsjón af málarekstri öllum kr. 75.000.

Valtýr Sigurðsson kvað upp dóm þennan, en hann hefur farið með málið frá því í janúar 1976.

Dómsorð:

Aðalstefndu, fjármálaráðherra og utanríkisráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Saltsölunnar s/f.

Varastefndu, Keflavíkurkaupstaður og Friðrik Á. Magnússon, Óskar Kristjánsson og Stefán Björnsson f. h. eigenda jarðanna Njarðvíkur I, II og III, Höskuldarkots I, II og III, Vatnsness, Þórukots og Bolafótar, greiði in solidum Saltsölunni s/f, Reykjavík, kr. 750.000 með 7% ársvöxtum frá 2. október 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 75.000 í málskostnað.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Ofangreindar fjárhæðir skulu greiddar innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. maí 1978.

Nr. 132/1977. Ákærvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Árna Jóhannssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Svo sem greinir í héraðsdómi, kærði nafngreindur héraðsdómslögmaður f. h. Lífeyrissjóðs byggingamanna mál þetta til sakadóms Reykjavíkur með bréfi 14. janúar 1976. Rannsóknarlögreglan tók skýrslu af ákærða 9. september s. á. Hér-